

2324. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 29. janúar 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Unnar Stefán Sigurðsson

Á Teams:

Allir

Forföll:

Orri Vignir Hlöðversson
Þorkell Máni Pétursson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2323). Fundargerðin verður send í rafræna undirritun.
2. Ársþing KSÍ
 - a. Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ fór yfir og kynnti þær tillögur sem lagðar verða fyrir komandi ársþing KSÍ þann 22. febrúar næstkomandi. Um er að ræða átta tillögur alls. Stjórnarmenn ræddu tillögurnar frá ýmsum sjónarhornum og skiptust á skoðunum. Samkvæmt lögum KSÍ eru tillögurnar yfirfarnar af laga- og leikreglnanefnd KSÍ, sem ber að láta kanna hvort tillögurnar samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna. Fram kemur í lögum KSÍ að eigi síðar en hálfum mánuði fyrir þing skuli stjórn KSÍ senda sambandsaðilum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist, ásamt athugasemdum við þær. Áætlað er að tillögurnar verði tilbúnar til birtingar á vef KSÍ ásamt umsögnum og sendar aðildarfélögum í lok fyrstu viku febrúarmánaðar.
3. Önnur mál
 - a. Lauslega rætt um nýsamþykkt reglugerð um heiðursviðurkenningar, um mögulegar heiðursviðurkenningar í tengslum við komandi ársþing.
 - b. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri greindi frá því að 61 umsókn hafi borist um starf lögfræðings á skrifstofu KSÍ. Umsóknarfrestur er liðinn og niðurstaða ætti að liggja fyrir eigi síðar en um miðjan febrúar.
 - c. Stjórnarmenn ræddu framgöngu Víkings í Reykjavíkurmóti meistaraflokks karla, að tefla vísvitandi fram ólöglega skipuðu liði í þremur leikjum, og áhrif þeirrar framgöngu á heilindi og trúverðugleika mótsins. Stjórnarmenn skiptust á skoðunum um málið, ræddu þá stöðu sem mótið er komið í og um framtíð þess innan KSÍ.

- d. *Stjórn KSÍ vottar fjölskyldu og aðstandendum samúð vegna fráfalls Ellerts B. Schram heiðursformanns og fyrrverandi formanns KSÍ.*

Fundi slitið kl. 17:05.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaður 12. febrúar og 21. febrúar.